

HÚSÖNDIN

10.tbl. 4.árg.
16. mars 2021

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 17. - 23. MARS

17.3. Arnþrúður Anna Jónsdóttir, Skarphédinn Reynir Jónsson
19.3. Steingrímur Örn Kristjánsson, Katla Böðvarsdóttir
21.3. Þórhalla Valgeirsdóttir

Gildi og nýting minjastaða í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi – verkefni á vegum Minjastofnunar Íslands

Minjastofnun er þátttakandi í alþjóðlegu verkefni sem snýr að því að rannsaka hvernig heimamenn sjá og meta minjastaði í sínu nánast umhverfi. Svæðið sem verður rannsakað á Íslandi nær yfir Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveit.

Áætlað er að skipta verkefninu í tvennt, þar sem annars vegar er gerð rannsókn á hagrænu gildi minjastaða og samfélagslegu gildi hins vegar.

Rannsóknin verður unnin með könnunum, bæði spurningakönnunum og rýnihópum og munu starfsmenn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og/eða Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands hafa samband við heimamenn og óska eftir þátttöku.

Niðurstöður rannsóknarinnar munu nýtast á margvíslegan hátt. Þær geta meðal annars gefið góðar upplýsingar um hvernig menningarminjar í héraði geta gagnast íbúum og einnig leitt af sér frjóar hugmyndir varðandi nýtingu á menningararfi fyrir ýmsa starfsemi.

Með ósk um góða þátttöku,
Sædís Gunnarsdóttir
minjavörður Norðurlands eystra.



Minjastofnun
Íslands



Hamingjukönnunin 2021

Þetta er í þriðja sinn sem lögð er fram könnun um hamingju og vellíðan íbúa og hefur þátttaka hingað til verið góð.

Niðurstöður fyrri kannana leiddu ýmislegt í ljós og meðal annars að huga þurfti betur að ungu kynslóðinni og farið var í sértækar aðgerðir fyrir þann hóp. Boðið var uppá sálfræðitíma og fyrirlestra fyrir alla sem vildu, heilsuráðgjöf og náttúrameðferð fyrir unga fólkið og einnig skipulagðar göngur þar sem íbúar gátu notið samveru og útiveru og hafa þær mælst vel fyrir.

Eins og áður verða niðurstöður skoðaðar og farið í sértækar aðgerðir í framhaldinu sem miða að því að auka hamingju og vellíðan íbúa sveitarfélagsins. Margir hafa nýtt sér þau úrræði sem hafa verið í boði og til að geta boðið uppá úrræði sem henta flestum þá skiptir miklu máli að sem flestir taki þátt í könnuninni.

Þetta eru aðeins 16 spurningar og tekur 2-4 mínútur að svara.

Sveitarfélagið hefur fengið Þekkingarnet Þingeyinga líkt og áður til að leggja fyrir könnunina og er hægt að svara henni rafrænt, sjá frétt á heimasíðu Skútustaðahrepps **www.skutustadahreppur.is** og frétt á heimasíðu Þekkingarnetsins **www.hac.is**. Ennfremur verður hringt út til íbúa og þeir sem ekki hafa svarað rafrænt gefst kostur á að svara í síma.

Niðurstöður verða ekki greindar niður á einstaklinga og öll svör eru trúnaðarmál.

Eins og áður er spurningalistinn unninn með aðstoð frá Embætti landlæknis og með hliðsjón af rannsókn Jóhönnu Jóhannesdóttur. Jafnframt er notast við nokkrar spurningar úr rannsókn Háskóla Íslands „LÍÐAN ÞJÓÐAR Á TÍMUM COVID-19“.



Ljósmyndasýning Marcin og aðalfundur

Aðalfundur Menningarfélagsins Gjallanda verður haldinn miðvikudaginn 17. mars í Skjólbrekku. kl.19:30



Við hefjum kvöldið á myndum Marcin Kozaczek sem hefur í fjölmörg ár myndað Mývatnssveit, dag og nótt, náttúru og mannlíf. Hann verður með sýningu bæði á prenti og tjaldi. Hvetjum sem flesta að mæta og sjá sveitina frá nýju sjónarhorni.

Venjubundin aðalfundarstörf fylgja svo í kjölfarið um 20:10.

Menningarfélagið Gjallandi leitar af áhugasömu fólki til setu í stjórn en tilgangur félagsins er að efla menningarstarfsemi í Mývatnssveit. Stjórn Menningarfélagsins Gjallanda.

Stjórn Fjöreggs boðar til aðalfundar Fjöreggs 29. mars í Skjólbrekku kl.20. Venjubundin aðalfundastörf.

Með bestu kveðju
Stjórn Fjöreggs



Leik- og söngtextar
Howard Ashman
Tónlist eftir
Alan Menken
Leikstjóri
Vala Fannell

Byggt á kvikmynd Roger Corman, handrit Charles Griffith.
Fyrst sett upp af WPA Theatre (Kyle Renick, framleiðslustjóri).
Fyrst sýnt í Orpheum Theatre, New York City af WPA Theatre,
David Geffen, Cameron Mackintosh og Shubert Organization
Þessi áhugaleiksýning er sett upp í samkomulagi við
Music Theatre International (Europe)

litla



Árlylingsbúðin

Takmarkaður sýningafjöldi!

1. sýning, laugardaginn 20. mars kl 16:00
2. sýning, þriðjudaginn 23. mars kl 20:00
3. sýning, föstudaginn 26. mars kl 20:00
4. sýning, laugardaginn 27. mars kl 20:00

Miðpantanir:

www.leikfelagid.is - midi@leikfelagid.is
eða í síma 464 1129
Sími miðasölu er opin sýningardaga
2 tíma fyrir sýningar.

Vegna covid er sætafjöldi takmarkaður.

Gestum er skylt að nota andlitsgrímur, börn fædd 2005 eða síðar þurfa ekki grímur.

Aðalfundur

Ágætu félagar, Aðalfundur Björgunarsveitarinnar Stefáns verður haldinn mánudaginn 22. mars n.k. kl. 20:00 í húsnæði sveitarinnar á Múlavegi 2, efri hæð. Sóttvarnarreglum verður fylgt.

Dagskrá fundarins er venjuleg aðalfundarstörf.

Félagar fjölmennum, ræðum og skipuleggjum næsta ár. Boðið verður upp á pizzur á fundinum.

Nýir félagar velkomnir

Stjórnin





Menningarfélagið Gjallandi var stofnað 27.febrúar 2014 og hefur frá upphafi staðið fyrir, bæði sjálft og eins í samstarfi, ótal viðburðum.

Má þar nefna leiklistarkaffi, myndlistarsýningar, bíósýningar, kvikmyndakynningu, bókakaffi, tónleika, námskeið, fyrirlestra, spilakvöld, menningarspjall, sýningar á gömlum leikritum í samstarfi við Mývetning og margt margt fleira.

Nú er að ljúka hálfgerðu pásu tímabili hjá menningarfélaginu í ljósi ástandsins síðasta ár og komin tími á að blása í menningarlúðrana aftur..

Fyrirhugað er fyrir næsta vetur spilakvöld, bókaspjöll, þukk- hátíð, námskeið, fyrirlestrar og fleira.

Við **auglýsum eftir áhugasömu fólki í stjórn á aðalfundi sem haldinn verður 17.mars kl.20:15** sem vill vera með í að stuðla að öfluggu menningarlífi í sveitinni.

Áhugasamir hafi samband við

menningarfelagid.gjallandi@gmail.com

AÐ VETRI SKAL AÐ SUMRI HUGA!

Benedikt Björnsson, skruðgarðyrkjumeistari fjallar um hvernig auka megi hagræðingu sumarvinnu í heimilisgarðinum að vetri til.

**FYRIRLESTURINN VERÐUR HALDINN
Í SKJÓLBREKKU ÞRÍÐJUDAGINN
23. MARS 2021 KL. 20:00**

Á fyrirlestrinum munu þátttakendur fá upplýsingar um:

- Skipulag og framkvæmdir
- Skjól og snjósöfnun
- Áburður og næring
- Skemmdir og skaði á trjágróðri
- Val á trjágróðri og trjáklippingar
- Sjálfbærni



Markmið fyrirlestursins er að skapa virkar umræður og því verða þátttakendur hvattir til að koma með spurningar um þau verkefni sem fyrir liggja í þeirra eigin görðum eða almennar vangaveltur. Tilvalið tækifæri til að fá ráðleggingar og hugmyndir frá þauvönum fagmanni.

**ADGANGUR ER ÓKEYPIS EN NAUDSYNLEGT
AÐ SKRÁ SIG, ANNAD HVORT Á
WWW.HAC.IS, HAC@HAC.IS EÐA Í SÍMA
464-5100.**

